

7. gr.

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar eiga að hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku tilkynna búfjárhald sitt og sækja um leyfi fyrir því. Búfénaður sem ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir að þeim tíma liðnum, skal handsamaður á kostnað eiganda og slátrað að undangenginni aðvörun sem eigi hefur verið sinnt.

8. gr.

Landbúnaðarnefnd skal vera bæjarstjórn til ráðgjafar um öll mál er varðar samþykkt þessa eða málefni búfjáreigenda.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara með að hætti opinberra mála.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46 25. mars 1991 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjárhald í Ólafsfirði nr. 361/1979.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. mars 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Breiðdalsvík.

1. gr.

Leyfisgjald vegna undanþágu frá banni við hundahaldi í Breiðdalsvík skal vera kr. 6.000 ár hvert.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppnefnd Breiðdalsvíkur, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. og samþykkt um hundahald í Breiðdalsvík nr. 369/1988, til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.